

Þriðjudaginn 16. mars 1976.

Nr. 136/1974. **Bjarni Thorarensen og**

Jón Thorarensen

(Benedikt Blöndal hrl.)

gegn

Dofra h/f

(Ragnar Steinbergsson hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Verksamningur. Gallar. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða dóm hefur kveðið upp Freyr Ófeigsson, héraðsdómari á Akureyri.

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 6. ágúst 1974, að fengnu áfrýjunarleyfi 29. júlí s. á. Krefjast þeir þess, að þeim verði aðeins gert að greiða stefnda 9.668 krónur án vaxta og að málskostnaður í héraði verði felldur niður, en stefnda dæmt að greiða þeim málskostnað í Hæstarétti. Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi áfrýjenda.

Atvikum er lýst í héraðsdómi.

Hinir upphaflegu reikningar stefnda voru 37.268 krónur, og er ekki tölulegur ágreiningur um þá. Dómarar í héraði telja stefnda bera ábyrgð á göllum á veggjum og lofti, og töldu yfirmatsmenn kosta 12.300 krónur að bæta úr þessum göllum. Verður að leggja þessar niðurstöður til grundvallar. Yfirmatsmenn urðu ekki sammála um, hvað gera þyrfti við gólf, og héraðsdómarar gera ekki grein fyrir, hvernig þeir telja, að skipta beri ábyrgð á skemmdum á því. Hefði þó verið rétt, að það kæmi fram. Töldu héraðsdómarar stefnda bera hluta ábyrgðarinnar, og í matsgerðum eru áætlanir um viðgerðarkostnað. Upplýsingar þær, sem fyrir liggja í málinu, þykja nægar til að áætla megi kostnað við viðgerð á gólfi, sem stefnda ber að bæta, 8.000 krónur.

Samkvæmt framanskráðu verða lyktir máls þessa þær, að áfrýjendum ber að greiða stefnda 37.268 krónur að frádregnum 20.300 krónum, eða 16.968 krónur. Samkvæmt málflutningi fyrir Hæstarétti ber að greiða vexti af þessari fjárhæð frá 1. mars 1971. Ber að reikna 7% ársvexti frá þeim degi til 16. maí 1973, en síðan í samræmi við kröfur í málinu 8% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Áfrýjendur, Bjarni Thorarensen og Jón Thorarensen, greiði stefnda, Dofra h/f, 16.968 krónur með 7% ársvöxtum frá 1. mars 1971 til 16. maí 1973 og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Reikningar stefnda vegna verks þess, sem hann vann fyrir áfrýjendur, nema samtals 37.268 krónum, og er ekki ágreininger um þá.

Að því er varðar gagnkröfur áfrýjenda vegna galla á verki stefnda, þá er það mat héraðsdóms, sem skipaður var byggingafróðum meðdómendum, er sjálfir skoðuðu verk stefnda, að gallar á múrhúðun á lofti og vegg stafi af ófullnægjandi vinnubrögðum stefnda. Hefur þeirri niðurstöðu ekki verið hnekkkt. Héraðsdómur leysti þrátt fyrir þetta ekki sérstaklega úr því, svo sem rétt hefði verið, hverju næmu hæfilegar bætur til áfrýjenda vegna þessara galla á verkinu. Ekki verður heldur ráðið af hinum áfrýjaða dómi, hverjar bætur séu taldar hæfilegar til áfrýjenda vegna gallaðrar múrhúðunar á gólfi, enda þótt héraðsdómur hafi komist að þeirri niðurstöðu eftir

athugun á vettvangi, að skemmdir á þeirri múrhúðun seu að einhverju leyti á ábyrgð stefnda, en að öðru leyti eigi áfrýjendur ekki rétt til bóta fyrir þær. Loks hefur gagnkrafa áfrýjenda sætt ótilgreindri lækkun í héraðsdómi, vegna þess að þeir hafi „hagnast á því að greiða ekki reikning“ stefnda, sem hafi ekki verið vefengdur tölulega. Sést ekki, að lækkun þessi styðjist við neitt, sem stefndi hefur haldið fram í málinu.

Af framangreindum ástæðum tel ég vera þá annmarka á hinum áfrýjaða dómi, að ekki verði hjá því komist að ómerkja hann sjálfkrafa svo og málsmeðferðina frá 18. febrúar 1974 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu að nýju.

Þessi úrlausn hefur eigi hlotið samþykki meiri hluta dómara. Mun ég því samkvæmt 1. mgr. 53. gr. laga nr. 75/1973 greiða atkvæði um efni máls.

Ohrakin er sú niðurstaða héraðsdóms, að nokkrir gallar hafi verið á verki stefnda, sem veiti áfrýjendum rétt til skaðabóta. Og þar sem gögn málsins leiða ekki í ljós, að fremur beri að ákveða bætur með einhverri annarri fjárhæð en þeirri, sem gert er í atkvæði meiri hluta dómara, fellst ég á niðurstöðu þeirra.

Dómur bæjarþings Akureyrar 22. mars 1974.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. febrúar sl., hefur Dofri h/f, Akureyri, höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 22. júní 1972, á hendur þeim feðgum Bjarna og Jóni Thorarensen, báðum til heimilis að Lönguhlíð 13, Akureyri.

Krefst stefnandi þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda kr. 37.268 ásamt 8% ársvöxtum af kr. 36.213.50 frá 13. jan. 1971 til 31. júlí s. á. og af kr. 37.268 frá 1. ágúst s. á. til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu samkv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefndu krefjast þess, að stefnufjárhæð verði lækkuð um kr. 27.600, þannig að þeim verði aðeins gert að greiða kr. 9.668. Þá krefjast þeir þess, að vextir af þeirri fjárhæð verði ekki dæmdir og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Málsatvik eru þessi:

Síðari hluta desembermánaðar 1970 og fyrri hluta janúarmán-

aðar 1971 múrhúðuðu starfsmenn stefnanda bifreiðargeymslu, tilheyrandi húseigninni Lönguhlíð 13, Akureyri, en stefndu eru sameigendur að fasteign þessari, og var verið framkvæmt að þeirra beiðni. Var bifreiðargeymslan múrhúðuð að innan, veggir allir og loft, og einnig var rennt í gólf og það þússað.

Reikningar stefnanda vegna vinnu og efnis, sem hann lét í té við verk þetta, námu samtals kr. 37.268, og þar sem stefndu fengust ekki til að greiða fjárhæð þessa, hefur stefnandi höfðað mál þetta til innheimtu skuldarinnar.

Kröfu sína um lækkun stefnufjárhæðar byggja stefndu á því, að verk stefnanda hafi verið verulega gallað, og eftir að mál þetta var höfðað, óskuðu þeir eftir dómkvaðningu tveggja óvilhallra matsmanna til þess að skoða gallana og meta þá til peningaverðs.

Þann 6. okt. 1972 voru dómkvaddir sem matsmenn þeir Haraldur Sveinbjörnsson verkfræðingur og Sigurður Hannesson múrarameistari. Matsgerð sinni luku þeir í nóvember 1972, og hefur hún verið lögð fram í málinu, en þar segir:

„Samkvæmt dómkvaðningu héraðsdómarans á Akureyri hinn 21. sept. 1972 vorum við undirritaðir kvaddir til þess að skoða galla á múrhúðun á bílskúr húseignarinnar Lönguhlíðar 13 hér í bæ svo og meta til fjár kostnað við endurbætur.

Matsskoðun fór fram fimmtudaginn 23. nóvember, og var annar eigenda hússins, Jón Thorarensen, svo og Hannes Pálmason múrarameistari fyrir hönd Dofra h.f. viðstaddir matsskoðun auk matsmanna.

Bílskúr sá, er hér um ræðir, var múrhúðaður að innan af Dofra h.f. á tímabilinu 21. des. 1970 til 13. jan. 1971.

Við matsskoðun komu eftirtalin atriði í ljós:

Múrhúðun hefur ekki náð eðlilegri herzlu á 1 til 2 m² fleti við reykrör á vesturvegg, en er þó ekki laus frá vegg. Samkvæmt upplýsingum Hannesar Pálmasonar stöfuðu þessar skemmdir frá hitunartæki, sem notað var til að þurrka múrhúðun.

Múrhúðin er sprungin og laus á töflubaki á vesturvegg. Samkvæmt upplýsingum Hannesar og Jóns er ekki vírnet í múrhúðuninni á þessum stað.

Múrhúðun hefur brotnað upp úr gólfi kringum gryfju, einnig er múrhúðun sprungin og víða laus á gólfi.

Áferð múrhúðunar á veggjum er viðunandi, ef tekið er tillit til, að um óafrétta múrhúðun er að ræða. Áferð á lofti er hins vegar ekki nógu góð, sérstaklega á norðurhluta, en það gæti

meðal annars stafað af of litlum þurrki, þegar verkið var unnið.
 Úrbætur:

Við teljum, að brjóta þurfi múrhúðun af vesturvegg við reyk-rör og á töflubaki og múrhúða að nýju og setja þá vírnet á töflu-bak. Mjög algengt er, að múrhúðun losni á gólfum, og treystum við okkur ekki til að benda á örugga aðferð til að koma í veg fyrir það. Til þess að bæta úr þessum galla þarf að brjóta lausu múrhúðunina af gólfinu og múrhúða að nýju.

Til þess að bæta áferð á lofti teljum við, að slípa þurfi loftið með steini, fylla í holur og mála eina umferð með sandmálningu.

Beðið er um álit okkar á kostnaði við handlang, en það var kr. 10.213.50, en öll vinnulaun greidd Dofra h.f. voru kr. 36.213.50.

Handlangið er því 28.2% af heildarupphæðinni, en um 40% af greiðslu fyrir múraravinnu.

Algengt er, að handlang sé 30 til 40% af greiðslu fyrir múrara-vinnu, og teljum við það ekki óeðlilega hátt hér, þegar tekið er tillit til, að hér er um lítið verk að ræða.

Kostnaðaráætlun:

Viðgerð á vesturvegg	kr. 3.000.00
Viðgerð á gólfi 10 m ² á 700 kr./m ² .. —	7.000.00
Viðgerð á lofti 35 m ² á 200 kr./m ² .. —	7.000.00

Kr. 17.000.00“.

Niðurstöðu framanritaðrar matsgerðar vildu matsbeiðendur (stefndu) ekki una og báðu um, að dómkvaddir yrðu yfirmats-menn til að meta gallana.

Yfirmat framkvæmdu síðan þeir Jón Geir Ágústsson byggingar-fulltrúi, Bragi Hjartarson múrarameistari og Gísli Magnússon múrarameistari, sem til verksins voru dómkvaddir. Skiluðu þeir matsgerð, dags. þann 31. okt. 1973, og hefur hún verið lögð fram í málinu, en þar segir:

„Matsskoðun fór fram 1. júní 1973, og var annar eigenda húss-ins, Jón Thorarensen, viðstaddur matsskoðunina auk matsmanna. F. h. Dofra h.f. var Hannesi Pálmasyni múrarameistara tilkynnt um matsskoðun, og sá hann ekki ástæðu til að vera viðstaddur skoðun matsmanna.

Bílskúr sá, er hér um ræðir, var múrhúðaður að innan af Dofra h.f. á tímabilinu 21. des. 1970 til 13. jan. 1971.

Við matsskoðun var bílskúrin tekinn í notkun. Vinnubekkur

með áföstum hillum var við austurvegg. Verkfæraskápur og hillur voru settar á vesturvegg.

Gallar.

Við matsskoðun komu eftirfarandi atriði í ljós:

1. Múrhúðun hefur ekki náð fullri herslu á 1 til 2 m² fleti við reyrkrör á vesturvegg.
2. Múrhúðin er sprungin og laus á töflubaki á vesturvegg.
3. Múrhúðun hefur brotnað upp úr gólfi kringum gryfju. Þá er einnig múrhúðunin sprungin og víða laus á gólfi.
4. Áferð múrhúðunar á veggjum er viðunandi, miðað við óaf-rétta múrhúðun.
5. Áferð á lofti er ekki nógu góð, sérstaklega á norðurhluta þess.

Úrbætur.

1 og 2 Brjóta þarf múrhúðun af vesturvegg við reyrkrör og af töflubaki. Vírnet verði sett á töflubak og brotnir fletir múrhúðaðir að nýju.

3. Öll laus múrhúðun á gólfi brotin af og það múrhúðað að nýju.

3. Sérálit Jóns Geirs Ágústssonar: Telja má víst, að nauðsynlegt sé að brjóta múrhúð af mun stærri flötum en þeim, sem múrhúð hefur nú losnað á, þar sem gera má ráð fyrir, að húðun losni sífellt útfrá brotsári við meitlun. Af þeim sökum tel ég ekki gerlegt að meta til verðs galla þá, sem á gólfhúðun eru, þar sem hin raunverulega stærð gallans verður ekki kunn fyrr en við framkvæmd úrbóta. Eins og áður er fram tekið, er bílskúrin í notkun og nokkrum innréttingum hefur verið komið þar fyrir á veggjum. Líklegt er, að hluti þessara innréttinga, svo sem vinnuborð, verði að fjarlægja, meðan gólfið er lagfært.

5. Til þess að fullbæta áferð á lofti má t. d. spartla það með sandspartli, slípa það og síðan mála.

Kostnaðaráætlun:

1. og 2. Vesturveggur	kr. 3.700.00
3. Gólf, 12 m ²	— 15.300.00
5. Loft	— 8.600.00

Kr. 27.600.00

Sérálit Jóns Geirs Ágústssonar:

Eins og fram kemur í lið 3; úrbætur, þá get ég ekki fallist á lið 3 í kostnaðaráætlun, en er samþykkur öðrum liðum hennar.

Jón Geir Ágústsson“.

Yfirmatsmennirnir hafa fyrir dóminum staðfest mat sitt og borið vitni í málinu.

Vitnið Gísli Magnússon skýrir svo frá, að galli samkv. lið 1 í matsgerð stafi af því, að múrhúðun hafi sennilega ofþornað á þeim fleti, en múrhúðunin hafi verið framkvæmd á köldum tíma og kynditækið verið staðsett of nærri veggnum.

Um galla nr. 2 í matsgerð segir vitnið, að hann stafi af því, að töflubakið sé slétt og múrhúðunin hafi ekki tollað við það. Vitnið segir, að oft sé múrhúðað yfir svona fleti í bílskúrum án þess að hafa vírnet, vegna þess að þar sé ekki talin þörf á eins vandaðri múrhúðun og innan íbúðar.

Um galla nr. 3 í matsgerð segist vitnið ekki geta sagt til um orsakir og ekki hafa neinar líklegar skýringar á orsökum gallans á takteinum. Tekur vitnið fram, að gólfið undir sé múrhúðað á venjulegan hátt og geti það ekki gert sér grein fyrir orsökum gallans vegna þess, hve langt sé umliðið, síðan múrhúðun fór fram. Þá segir vitnið, að yfirleitt losni múrhúðun á gólfi ekki, þótt það sé ekki strokið á réttu þurrkunarstigi.

Vitnið segir, að ef gólfið hafi ekki verið nægjanlega hreinsað, geti það valdið gallanum, en tekur fram, að það geti alls ekki um það sagt, hvort svo hafi verið.

Um galla nr. 5 segir vitnið, að þar sé um að ræða of grófa áferð, sem stafi að einhverju leyti af því, að múrhúðunin hafi misþornað vegna mishitunar í skúrnum.

Vitnið Gísli Bragi Hjartarson kveður galla nr. 1 í matsgerð stafa af of miklum og snöggum hita frá kynditæki og tekur fram, að við þurrkun múrhúðunar þurfi jafnan hita.

Um galla nr. 2 segir vitnið, að hingað til hafi ekki verið hægt að losna við sprungur í múrhúðun á töflubökum, jafnvel þótt vírnet sé notað, en vírnet komi hins vegar í veg fyrir, að múrhúðun detti af.

Vitnið segist sjálfst alltaf setja vírnet yfir slíka fleti og segir, að sér sé ekki kunnugt um annað en að vírnet sé notað í slíkum tilvikum.

Um galla nr. 3 segir vitnið, að notaður hafi verið trérammi í kringum gryfjuna, þegar múrhúðað var að henni, og geti það hafa valdið því, að múrhúðunin hafi brotnað upp í kringum gryfjuna, sökum þess að tréð dragi til sín vatn úr steypunni og einnig það vatn, sem notað sé til að halda gólfinu blautu, meðan það sé að þorna.

Vitnið segir, að venjulega sé notaður járnrammi í svona gryfjur og síðan látinn standa áfram. Vitnið kveðst ekki treysta sér til að segja til um orsakir á öðrum göllum á gólfinu.

Vitnið segir, að komið hafi tímabil, einkum í seinni tíð, er múrhúðun hafi losnað af gólfum og sé það hald manna, að það stafi af gerð sementsins, en engin vissa sé þó fyrir því. Þá segir vitnið, að múrhúðun geti losnað af gólfi, ef það sé ekki nógu vel hreinsað undir slitlag. Vitnið segist ekki geta sagt til um, hvort svo hafi verið í þessu tilviki. Vitnið kveðst telja, að múrhúðun geti losnað, sé hún ekki strokin á réttu þurrkunarstigi, en kveðst ekki vita til, að slíkt hafi gerst þannig, að nein vissa sé fyrir því. Vitnið tekur fram, að ef gólf er ekki strokið á réttu þurrkunarstigi, náist ekki góð áferð á það, en áferð á þessu gólfi virtist hafa verið góð.

Um galla nr. 5 segir vitnið, að áferðin hafi verið ójöfn og fyllingu vantað í hana á norðurhluta loftsins. Segir vitnið, að áferðin næst kynditækinu sé óaðfinnanleg, þ. e. á suðurhlutanum. Segir vitnið, að múrhúðunin á norðurhlutanum hafi verið of blaut, og telur vitnið það orsök gallans.

Vitnið segir það fyrst og fremst fara eftir ákvæðum eiganda, hvort notaður sé járnrammi í kringum gryfjuop eða ekki.

Vitnið Jón Geir Ágústsson segir um galla nr. 1, að honum þyki líklegt, að hann stafi af ofhitnun.

Um galla nr. 2 segir vitnið, að þar hafi múrhúðun trúlega ekki bitið sig í töflubakið og ef til vill hafi það verið málað eða lakkað. Vitnið segist álíta, að vírnet þurfi að setja á stærri töflubök, áður en þau séu múrhúðuð, og segist vitnið telja, að eðlilegt hefði verið að setja vírnet á þessa töflu.

Um galla nr. 3 segir vitnið, að hann geti ekkert sagt um, hvaða reglum hafi verið fylgt við múrhúðun á gólfinu, og segist telja, að fylgja þurfi ákveðnum reglum við slík verk, t. d. þurfi að gæta þess, að gólf sé rækilega hreinsað undir múrhúðun, t. d. vírburstað. Þá þurfi einnig að láta gólfin standa undir vatni a. m. k. 2 sólarhringa fyrir múrhúðun og þorna síðan, áður en múrhúðun er framkvæmd.

Þá kveðst vitnið telja, að kústa þurfi gólf, áður en múrhúðun fer fram, með lögun af sementi og sandi. Þá segir vitnið, að ekki sé sama, hvernig gólfin séu strokin, t. d. megi ekki ofstrjúka þau með stálbretti.

Vitnið kveðst ekki geta sagt um, hvort þessum reglum hafi

verið fylgt, en hafi einhverri þeirra ekki verið fylgt, gæti það hafa orsakað gallann og enn fremur hafi gólfinu ekki verið haldið nægilega röku eftir múrhúðun, meðan það var að harðna.

Vitnið segir, að fleiri ástæður en að framan greinir geti leitt til þess, að galli komi fram, svo sem hreyfing í plötu, en telur það ólíklegt á þessu gólfi.

Um galla nr. 5 segir vitnið, að hugsanlegt sé, að ekki hafi verið nægur hiti fram við dyrnar, og segir vitnið, að sér hafi dottið þessi möguleiki í hug við skoðun á gallanum.

Um sérálit sitt segir vitnið, að það geti ekki gert sér grein fyrir umfangi gallans og þar af leiðandi treysti hann sér ekki til að segja til um, hvað kosti að gera við hann. Segist vitnið hvorki geta fullyrt um, hvort kostnaður yrði meiri eða minni en til er tekið í matsgerð.

Auk framantalinna vitna hafa þeir Hannes Húnfjörð Pálmason múrarameistari, verkstjóri hjá stefnanda, og Jónas Grétar Sigurðsson múrari, starfsmaður stefnanda, borið vitni í málinu.

Vitnið Hannes Húnfjörð Pálmason skýrir svo frá, að hann hafi ekki unnið að verki því, er mál þetta varðar, því að hann hafi verið veikur. Hann kveðst þó hafa komið að verkinu í byrjun þess til þess að sjá um, að menn þeir, er að verkinu áttu að vinna, hefðu nægjanlegt efni. Segir hann, að verkkaupi hafi sjálfur útvegað efni til verksins. Þá segir vitnið, að verkkaupi hafi sjálfur sett upp kyndinguna og séð um kyndingu, meðan á verkframkvæmdum stóð, að öðru leyti en því, að verktaki hafi lagt til Masterblásara til að auka hitann í skúrnum undir það síðasta, þar sem múrhúðunin þornaði ekki af hita þeim, sem fyrir var, nema rétt í kringum kynditækið.

Vitnið segir, að algengt sé, að múrhúðun springi og losni á gólfum, einkum þar sem gat er í gólfum, eins og þarna sé, en engin járn sett í gryfjubrún til þess að hlífa.

Vitnið segir, að ekki hafi verið sett vírnet á vesturvegg bak við töflu, vegna þess að gert var ráð fyrir að taka rör í gegnum töflubak og inn í bílskúr. Vitnið getur þess, að þó að vírnet séu sett á slík töflubök, springi ætíð múrhúðunin.

Vitnið segist álíta, að skemmdir þær, sem séu á lofti bílskúrsins, stafi af ónógri þurrkun, en skemmdir á vesturvegg séu frá reykróri á kynditæki vegna of mikillar hitunar.

Vitnið kveðst ekki geta fullyrt, af hverju skemmdirnar á gólfinu stafi, því að þær séu algengar.

Vitnið Jónas Grétar Sigurðsson kveðst hafa unnið við múr-

húðun bílskúrsins. Vitnið segir, að strax eftir að verk hófst, hafi komið í ljós, að upphitun var ófullnægjandi. Segist vitnið hafa skýrt stefnda Bjarna frá því strax og síðan margítrekað það, en ekki hafi verið úr bætt. Að lokum hafi hann sjálfur komið með hitara til að bæta úr.

Vitnið segir, að mikið frost hafi verið, þegar verkið var unnið, og hafi frostið farið upp í 12°, að því er hann minni. Segir vitnið, að hiti hafi verið minnkaður á nóttinni, en aukinn aftur á morgnana, og hafi húseigandi gert það sjálfur. Hann segir að tvisvar hafi komið fyrir, að dautt var á kyndingu að morgni, sem stafaði af því, að olía hafði stirðnað í leiðslum sökum kulda.

Vitnið segir, að ráðgert hafi verið, að húseigandi sæi um að flytja sand inn í bílskúrinn á kvöldin, en það hafi hann aðeins gert tvisvar sinnum og hafi þeir þurft að taka sandinn úti, þar sem hann var frosinn, og tafði það múrverkið.

Þá segir vitnið, að enginn verkstjóri hafi verið við verkið, eftir að vitnið Hannes veiktist.

Stefndu hafa báðir komið fyrir dóminn og gefið skýrslu.

Stefndi Jón Thorarensen skýrir svo frá, að hann hafi fylgst allvel með framkvæmd verksins og hafi hann ekkert athugavert séð við þá framkvæmd, meðan á verkinu stóð.

Hann segir, að starfsmenn stefnanda hafi ekki minnst á það við sig, að hiti væri ónógur, og kveðst hann ekki hafa gert sér grein fyrir því sjálfur, að svo væri. Segist hann hafa komið þarna á kvöldin, og virtist honum þá hiti nægur, og tekur hann fram, að hann sé lærður í „Terrasó“. Segir stefndi, að útilokað sé, að skemmdirnar í bílskúrnum geti stafað af ónógri hitun, nema ef til vill lítill hluti í loftinu norður við útidyr. Kveðst hann telja, að áferð á veggjum og lofti stafi mestmegnis af handvömm. Stefndi telur líklegast, að skemmdirnar á gólfinu stafi af því, að gólfið hafi ekki verið nógu vel undirbúið undir múrhúðun, og kveðst hann þá eiga við, að gólfið hafi ekki verið nægjanlega hreinsað. Hann segir, að sonur sinn hafi séð um þurrkunina í fullu samráði við starfsmenn stefnanda.

Hann segist hafa neitað að greiða reikning stefnanda á þeim forsendum, að verkið væri gallað, og óskað eftir, að sér yrði stefnt í málinu, þar sem ekki náðist samkomulag um úrbætur eða afslátt af verkinu. Stefndi tekur fram, að áferð á gólfinu hafi verið góð og hafi hann hælt henni við starfsmenn stefnanda.

Hann segir, að möguleiki sé á, að pússning hafi losnað upp af gólfi vegna þess, að það hafi verið strokið á röngu þurrkstigi.

Stefndi Bjarni Thorarensen skýrir svo frá, að hann hafi beðið um verkið og samið um það. Kveðst hann hafa átt að leggja til efni til verksins og gert það. Kveðst hann hafa komið daglega að verkinu. Hann segir, að sjálflogandi ofn hafi verið í bílskúrnum. Hann kveðst ekki minnst þess, að vitnið Jónas Grétar hafi minnst á það við sig, að hiti væri ófullnægjandi í bílskúrnum, og beðið sig að bæta þar úr. Hann segist sérstaklega hafa óskað eftir því við Jónas, að vírnet yrði sett á töflubakið, og hafi Jónas lofað því. Kveðst hann ekki hafa vitað fyrr en löngu síðar, að vírnet var ekki sett á það.

Mættur (sic) segir, að vitnið Jónas Grétar hafi beðið sig að hreinsa gólfið undir múrhúðun til þess að flýta fyrir verkinu og hafi hann byrjað á því verki, en gefist upp við það. Segir hann, að mikið hafi verið af múrhúðun á gólfinu, sem hrunið hafi af veggjum, en kveðst ekki vita, hvort múrarar hreinsuðu gólfið frekar fyrir múrhúðun eða ekki. Segir hann, að múrararnir hafi tekið við gólfinu og ætlað að hreinsa það sjálfir, þegar hann hætti því verki. Ekki kveðst mættur minnst þess, að nokkru sinni hafi drepist eða slokknað alveg á kyndingu, en kveðst minnst þess einu sinni, að loginn hafi minnkað, en þó hafi ekki verið komið frost í skúrinn. Segist hann hafa talið, að nægjanlegur hiti væri frá ofninum.

Ítrekað aðspurður segist mættur ekki minnst þess, að neitt hafi borist í tal milli hans og múraranna, hvort hiti væri nægjanlegur í skúrnum eða ekki. Hann segir, að múrhúðunin á gólfi og töflubaki hafi farið að springa mjög fljótt. Þá kveðst hann einnig fljótlega hafa orðið var við galla á lofti og við reykrör. Mættur (sic) segir, að ekki hafi verið gert ráð fyrir gryfju í gólfi bílskúrsins í teikningu, og kveðst hann ekki muna, hvernig frágangi á gryfjuopi skyldi hagað, og ekki hafi komið til tals að setja ramma í kringum gryfjuopið.

Stefndu reisa kröfu sína um lækkun stefnufjárhæðar á niðurstöðu yfirmatsgerðar. Telja þeir, að stefnandi beri fulla fébótaábyrgð gagnvart sér á göllum þeim, er þar eru upptaldir, þar sem þeir séu allir tilkomnir vegna handvammrar starfsmanna stefnanda, sem stefnandi beri ábyrgð á að lögum.

Stefnandi reisir kröfu sína á reikningum fyrir verkið og mót-mælir því, að hann beri ábyrgð á göllum þeim, er fram hafa komið. Ekkert sé fram komið um, að þeir stafi af handvömm starfsmanna sinna, sem hafi framkvæmt verkið á þann hátt, sem venja sé. Stefndi Bjarni hafi sjálfur átt að sjá um þurrkun múrhúðunar-

innar og beri hann því sjálfur ábyrgð á þeim göllum, sem rekja megi til kyndingar bílskúrsins. Gallar í gólfi stafi sumpart af frágangi gryfjuops, sem stefndu beri sjálfir ábyrgð á, og sumpart af ókunnum ástæðum, sem ósannað sé, að varði sig. M. a. kunni þeir að stafa af galla í efni, sem stefndu lögðu sjálfir til.

Af því, sem að framan er rakið, er um að ræða galla, sem fram hafa komið á múrhúðun bílskúrsins, og eru þeir:

1. Laus múrhúðun yfir töflubaki á vesturvegg.
2. Múrhúðun hefur ekki náð fullri herslu á 1—2 m² fleti við reykrör á vesturvegg.
3. Áferð á norðurhluta lofts ekki nægjanlega góð.
4. Múrhúðun hefur brotnað upp úr gólfi kringum gryfju.

Einnig er múrhúðun sprungin og víða laus á gólfi.

Um 1. Telja má sannað, að gallinn stafi af því, að ekki var sett vírnet yfir töflubakið, áður en múrhúðað var. Ósannað er, að sá frágangur hafi verið gerður að beiðni eða með samþykki stefndu.

Um 2. Sannað er, að galli þessi stafar af of miklum og snögguum hita kyndistækis, meðan á verkinu stóð.

Um 3. Sannað er, að galli þessi stafar af ófullnægjandi hita í bílskúrnum, meðan þurrkun múrhúðunar fór fram.

Það er álit dómsins, að þurrkun múrhúðunar og frágangur vírneta í múrhúðun séu þættir í verkinu, sem múrverktökum beri að sjá um og hafa eftirlit með.

Hvorki er sannað, að stefndi hafi fyrirt sig ábyrgð á þessum þáttum verksins né að stefndu hafi á einhvern hátt tekið þá ábyrgð á sig.

Um 4. Ljóst er, að nokkur hluti þeirra galla, sem hér um ræðir, stafar af frágangi gryfjuopsins og sprungum í gólfi út frá gryfjuopi, sem stafa af frágangi gólfplötu, en stefnandi hafði ekki með þessa verkþætti að gera og ber því ekki ábyrgð á gallanum að svo miklu leyti sem hann stafar af framangreindu. Að öðru leyti lítur dómurinn svo á, að stefnandi, sem framkvæmdi verkið, beri ábyrgð á gallanum gagnvart stefndu, enda hefur hann ekki leitt að því líkur, að galla í efni sé um að kenna, en efnið lögðu stefndu til.

Þykir stefnandi því samkvæmt framansögðu eiga að bæta stefndu gallana að undanskildum þeim hluta gólfsins, sem að framan greinir.

Stefnandi krefur stefndu um andvirði alls múrverks bílskúrsins eins og það var á verðlagi ársins 1971. Bótakrafa stefndu miðast hins vegar við viðgerðarkostnað gallanna á verðlagi ársins 1973.

Að dómi meðdómsmanna eru flestir framangreindra galla þess eðlis, að þeir rýra ekki notagildi bílskúrsin, heldur skerða útlit hans, nema þeir gallar, sem eru á gólfi.

Þá er það álit dómsins, að vegna verðbólgu hafi stefndu beinlínis hagnast á því að greiða ekki reikning stefnanda, sem þeir þó hafi ekki mótmælt tölulega.

Þegar allt framangreint er virt, þykja bætur til stefndu hæfilega ákveðnar kr. 5.500, sem draga ber frá kröfu stefnanda.

Ber því samkvæmt þessu að dæma stefndu til að greiða stefnanda in solidum kr. 31.768 ásamt 8% ársvöxtum frá 13. jan. 1971 til greiðsludags.

Eftir framangreind úrslit þykir mega fallast á kröfur stefndu um, að málskostnaður falli niður.

Dráttur á uppkvaðningu dóms þessa stafar af erfiðleikum á að ná til meðdómsmanna vegna dvalar þeirra og ferðalaga utan Akureyrar.

Dómsorð:

Stefndu, Bjarni Thorarensen og Jón Thorarensen, greiði stefnanda in solidum kr. 31.768 ásamt 8% ársvöxtum frá 13. janúar 1971 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dómurinn er aðfararhæfur að 15 dögum liðnum frá lögbirtingu hans.
